



**Banaslys 21.10.2006**


Köldukvíslarvegur

Útafakstur

Látinn 57 ára karlmaður

Tími sólarhrings:Nótt

## Lýsing á slysi



Ökumaður fór frá Hálendismiðstöðinni í Hrauneyjum áleiðis að ánni Köldukvísl, að talið er um miðja nótt. Malarvegur liggur frá Þjóðvegi 26 að Köldukvísl og varð slysið 500 metra frá Þjóðveginum eins og sýnt er á mynd úr kortagrunni. Þar sem slysið varð liggur vegurinn í aflíðandi brekku, yfir vegræsi en þar tekur við beygja til vinstri. Ökumaður ók útaf veginum og valt bifreiðin ofan í vegræsið. Af ummerkjum að dæma hefur bifreiðin ekki oltið strax. Bendir vettvangsrannsókn til þess að maðurinn hafi komist út úr bílnum af sjálfsdáðum en bifreiðin oltið þegar hann var að afferma hana. Óvíst er hvort ökumaður notaði bílbelti en það hefur sennilega ekki skipt sköpum m.v. ætlaða atburðarás í þessu slysi.



Þar sem vegurinn liggur yfir vegræsið er hann 3 metrar að breidd, en runnið hefur úr hliðum hans í kringum rörið (sjá mynd af vettvangi). Ekki er vitað klukkan hvað slysið varð eða hvernig akstursaðstæðum var háttað þá. Bifreiðin var af gerðinni Toyota Landcruiser og var á 38" hjólbörðum. Loft var í öllum dekkjum og bifreiðin virtist í ökuhæfu ástandi á vettvangi.

**Mynd af slystað. Rauða örin vísar á staðinn sem jeppabifreiðin fór útaf. Á myndinni sést að runnið hefur úr hliðum vegarins við rörið.**

Réttarefnafræðileg rannsókn leiddi í ljós að ökumaður var undir áhrifum áfengis þegar slysið varð.

### **Orsakagreining**

- Ökumaður var ölvaður
- Ökumaður komst út úr bílnum en bifreiðin valt yfir hann
- Ökumaður drukknaði

### **Ábendingar**

Rannsóknarnefnd umferðarslysa ítrekar fyrri ábendingar um skaðsemi ölvunaraksturs. Áfengi og akstur fara ekki saman hvort sem ekið er á þjóðvegum eða hálendisvegum fjarri mannabyggðum.

Reykjavík 24.4. 2007  
Rannsóknarnefnd umferðarslysa